

Minnisblað

Dagsetning: 03.05.2024
Viðtakandi: Náttúrufræðistofnun – NÁTT
Sendandi: Náttúrustofa Suðvesturlands – NSV

Efni: Vöktun náttúruverndarsvæða 2024 – Litluborgir

Litluborgir eru hraunborgir og gervigígar sem mynduðust þegar þríhnúkahraun rann yfir stöðuvatn sem legið hafði áður austan Helgafells. Þar er að finna hella og ýmsar jarðmyndanir líkt og kísilgúr, dropasteina og litlar hraunrásir undir þunnri hraunhellunni. Litluborgir voru friðlýstar sem náttúruvætti árið 2009 til að vernda sérstæðar jarðmyndanir þess.

Framkvæmd



Svæðið var heimsótt þann 2. apríl 2024 (ÓPJ). Gengið var að Litluborgum frá bílastæðinu við Kaldársel. Þar var dróni notaður til að útbúa kortmynd af svæðinu en til þess var notaður sami flugferill og í síðustu vöktun árið 2021 (1. mynd). Vegna þess hve viðkvæmt svæðið er þá var talið óráðlegt að endurtaka ljósmyndir frá fyrri vöktun því það myndi krefjast þess að ganga um allt svæðið með tilheyrandi hættu á að raska þeim mosagróðri sem þar er.

Ástandsmat og frumniðurstöður

Litluborgir eru þaktar viðkvæmum mosagróðri og einnig má þar finna dropasteinsmyndanir og aðrar viðkvæmar jarðminjar sem þola illa álag. Þegar svæðið var vaktað 2021 kom í ljós að svæðið hafði orðið fyrir talsverðum skemmdum á skömmum tíma og því ákveðið að vakta svæðið aftur að tveimur árum liðnum. Vöktunin í ár leiddi í ljós engar frekari skemmdir og virðist sem álag á svæðið hafi minnkað frá síðustu vöktun. Aftur á móti fór vöktun fram að vori til í ár en árið 2021 fór vöktun fram síðsumars, getur samanburður á gróðurskemmdum því reynst erfiður.

Tillögur að áframhaldandi vöktun

Litluborgir er viðkvæmt svæði með mikla sérstöðu, nálægt þéttbýli og vinsælum gönguleiðum. Því er lagt til að haldið verði áfram að vakta svæðið á þriggja ára fresti þrátt fyrir að ekki hafi orðið vart við aukið rask frá síðustu vöktun.



1. mynd. Kortmyndir af Litluborgum. Efri mynd er tekin í byrjun apríl árið 2024 og neðri mynd tekin í byrjun ágúst árið 2021. Myndir: ÓPJ.